

Alþingi
Erindi nr. P 135/2162
komudagur 11.4.2008

Til umhverfisnefndar Alþingis

10. apríl 2008

Undirrituð óskar að koma á framfæri eftirfarandi viðbót við lög um brunavarnir vegna

frumvarps til laga um breytingar á lögum um brunavarnir nr. 75/2000 á þskj. 618, mál nr. 376:

1) Við 5. gr. laga nr. 75/2000 um verkefni *Brunamálastofnunar*, á eftir d. lið komi nýr liður svohljóðandi:

„x. vera skipulagsyfirvöldum til ráðgjafar um eldvarnir í skóglendi “

2) Við 12. gr. laga nr. 75/2000 um *eldvarnaeftirlit sveitarfélaga*, á eftir a. lið komi nýr liður svohljóðandi:

„x. hafa í samvinnu við skipulagsfulltrúa eftirlit með því að skipulags- og skógræktaráætlanir fullnægi kröfum um eldvarnir í skóglendi “

Greinargerð:

Víða er skógur og/eða skógrækt hluti af skipulagðri landnotkun, sbr. það markmið að í „hverju landshlutaverkefni skal stefnt að ræktun skóga á að minnsta kosti 5% af flatarmáli láglendis neðan 400 m yfir sjávarmáli“ (lög 95/2006).

Jafnvel þótt talið sé að hætta á skógareldum sé lítil hér á landi er nauðsynlegt að að tryggja að áætlanir um skógrækt taki til forvarna í þessu sambandi. Rétt er að benda á að Almannavarnir líta á skógarelda sem „náttúruvá“. Eðlilegt er að það sé meðal verkefna Brunamálastofnunar að vera skipulagsyfirvöldum til ráðgjafar um eldvarnir í skóglendi og að það sé hluti af eldvarnaeftirliti sveitarfélaga að fylgja því eftir að skógræktaráætlanir innan sveitarfélagsins fullnægi kröfum um eldvarnir.

Virðingarfyllst,

K. Hulda Guðmundsdóttir, skógarbóndi
Fitjum, Skorradal.